

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

433. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 25. september 2020. Fundurinn var settur kl. 07:36. Fundurinn er fjarfundur á Teams. Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson. **Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni. Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Helgi Þór Ingason, Guðrún Eva Jóhannesdóttir og Gunnar Dofri Ólafsson sóttu fundinn á Gylfaflöt 5. Aðrir fundarmenn sóttu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum rædd.

2. Áætlun 2021

Helgi Þór Ingason og Guðrún Eva Jóhannesdóttir gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU árin 2021 til 2025. Áætlunin rædd í kjölfarið. Stjórn samþykkti samhljóða að vísa henni til eigendavettvangs til frekari umræðu.

Helgi Þór gerir auk þess grein fyrir fyrirhuguðum gjaldskrárbreytingum SORPU. Gjaldskráin rædd í kjölfarið.

3. Dómsmál ÍAV á hendur samlaginu

Haraldur Flosi Tryggvason gerði grein fyrir minnisblaði LOGOS um dómsmál Íslenskra aðalverktaka á hendur SORPU bs. Minnisblaðið rætt. Stjórn samþykkti samhljóða framkomna tillögu í minnisblaðinu.

4. Önnur mál

Fyrirhugaðir fundir eigenda, fulltrúaráðs og vinnufundur stjórnar um áhættustefnu í október voru rædd.

5. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 5. október 2020 klukkan 14:15.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 09:15 25. september 2020.